

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifulglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun.

#### 1. gr.

Í stað 5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar komi þrjár nýjar málsgreinar, er verði 5., 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Ófrystar sláturafurðir alifugla, sem boðnar eru til sölu, skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. tvisvar á eldistímanum að ekki hafi greint Salmonella í fuglunum.

Afurðir sem reynast mengaðar Salmonellu skulu einungis boðnar til sölu frystar eða eftir að hafa fengið hitameðferð samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur.

Óheimilt er að bjóða til sölu afurðir alifugla sem eru án umbúða eða í ómerktum umbúðum. Einnig er óheimilt að pakka til sölu afurðum af sjálfdaudum fuglum eða fuglum þar sem auðsæjar sjúklegar breytingar hafa fundist við slátrun. Hræ af slíkum fuglum skal eytt á tryggilegan hátt. Þá er óheimilt að bjóða til sölu alifugla þar sem innfyli hafa ekki verið fjarlægð. Um eftirlit með dreifingu og sölu fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

Nr. 471

29. ágúst 1995

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um Fræðslusjóð brunamála nr. 138/1993.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 5. gr. reglugerðar þessarar skal brunamálastjóri að fengnu samþykki félagsmálaráðherra úthluta styrkjum úr Fræðslusjóði brunamála á síðari hluta ársins 1995.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1995.*

**Páll Pétursson.**

\_\_\_\_\_  
*Sesselja Árnadóttir.*